




Kópavogi, 13. apríl 2026
26022819/ FS

Álalind 8

Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 23. febrúar 2026 var lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23. febrúar 2026 vegna umsóknar lóðarhafa nr. 8 við Álalind um gistileyfi í flokki II. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd af Álalind 8 og staðsetning á aðalskipulagsupprætti. Tekin af kortavef Kópavogs.

Forsendur í skipulagsáætlunum

Álalind 8 er staðsett á austurhluta Glaðheimasvæðisins. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem M-6. Í núverandi aðalskipulagi er vesturhluti Glaðheimasvæðisins skilgreindur sem þróunarsvæði en allt svæðið var skilgreint sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag.

Deiliskipulag Glaðheima var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 10. nóvember 2009. Árið 2014 var skipulagið tekið upp aftur og endurskoðað, nýtt endurskoðað deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 23. apríl s.á. Í greinargerð þess segir:

Í gildandi deiliskipulagi frá 2009 er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun á svæðinu þ.e. verslun, þjónustu og íbúðarhúsnæði samtals um 38.500 m² að samanlögðum grunnfleti þar af um 13.000 m² í verslun og þjónustu. Í umræddri tillögu að breyttu deiliskipulagi austurhluta Glaðheima er fallið frá hugmyndum um að hluti þess verði fyrir verslun og þjónustu og þess í stað verði eingöngu byggðar íbúðir á svæðinu.



Umsókn um rekstrarleyfi

Sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II. Gistileyfi í flokki II skv. lögum nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1277/2016 er gististaður án veitinga – þ.e. gististaður sem býður ekki upp á veitingar. Undir þessum flokki eru því leiguíbúðir eða gistiheimili án veitingaþjónustu.

Umsögn og niðurstaða

Álalind 8 er á eystri hluta Glaðheima í endurskoðuðu deiliskipulag Glaðheima frá 24. apríl 2014 er einungis gert ráð fyrir íbúðarbyggð á þeim hluta skipulagssvæðisins (þ.e.a.s. eystri hlutanum). Deiliskipulagið gerir því ekki ráð fyrir atvinnustarfsemi á umræddu svæði. Umsóknin samræmist því ekki deiliskipulagi.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

